

Heimsóknir og notkun á Bókasafni Grundarfjarðar og safnkosti Grunnskóla Grundarfjarðar 2008

http://www.grundarfjordur.is/default.asp?sid_id=20569&tre_rod=001|008|001|&tId=1

Safnkostur Grunnskóla Grundarfjarðar er í umsjá Bókasafns Grundarfjarðar og eru upplýsingar um eintök beggja safnanna aðgengilegar á vefnum á <http://gegnir.is>. Eldri námsgögn grunnskólans eru enn ótengd og eins erlendar bækur á bókasafni.

	2004	2005	2006	2007	2008
Íbúar 1.des árið fyrr		938	974	949	918
Skráðir lánþegar			396	361	374
Virk skírteini fullorðnir		137	142	152	162
Starfsmenn/st.gildi		3 / 1,39%	3 / 1,32%	3 / 1,32%	3 / 1,32%
Vikur vetrar	(216 dagar)	41	39	40	41,5
Vikur sumars		11	13	12	11

Lykiltölur 2008:

Íbúar Grundarfjarðar voru 918 þann 1. des. 2007. (1. des. 2008 = 921)

Opið var 41,5 vikur yfir vetrinn og 11 daga að sumrinu. Þjónustutími var 17 klst á viku eftir kl. 15 yfir vetrinn og 20 tímar fyrir nemendur grunnskólans á morgnana. Opið var 5 klst á viku yfir sumarið. Starfsmenn eru þrír í 1,32 stöðugildum.

Sunna Njálisdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur er forstöðumaður og er oftast við f.h. og eftir kl. 15 á opnunartíma. Salbjörg Nóadóttir sér um skólasafnsvinnuna.

Guðbjörg Hringisdóttir vann á fimmtudögum frá kl. 15-20 og í afleysingum.

Safngögn

	2004	2005	2006	2007	2008
Eign 31. des.	21.422	26.403	27.766	29.742	30.156
Þar af tímaritshefti	2.086	2.243	2.511	2.767	2.846
Þar af mynd + hjóð	707	791	854	1.033	963
Þar af í deildum skóla		8.181	8.985	9.857	10.181
Þar af á almbókasafni		18.545	18.602	19.499	19.848

Eign 31. des. 2008 voru 30.156 eintök tengd Gegni og rúmar 500 erlendar bækur, ótengdar. Grisjun tvítaka og úreltra gagna 405 bækur.

Samanburður heimsókna 2002-2008

Ár	Fullorðnir eftir kl. 15	Börn eftir kl. 15	Leikskóla-börn	Nemendur grunnskólans	Fjöldi heimsókna alls
2002	1.464	1.352	100	4.208	7.024
2003	1.291	1.577	100		Talningu ábótavant
2004	1.132	798	60	2.934	4.864
2005	1.360	679	70	u.þ.b. 2.500	4.539
2006	1.187	615	73	u.þ.b. 1.375*	3.135
2007	1.144	509	40	u.þ.b. 1.375*	2.889
2008	1124	670	48	1.725	3.567

*Vorið 2008 komu 1.-6. bekkur u.þ.b. einu sinni í viku í heimsókn á bókasafnið. Það voru um 60 börn og vikurnar 13 = 780. Haustið 2008 er gert ráð fyrir 12 vikum. Heimsóknir 1. og 3. bekkjar eru í hverri viku. 2. og 5. bekkur komu tvisvar í mánuði og 6. bekkur einu sinni í mán. Til viðbótar komu eldri bekkingar á bókasafnið á haustmánuðum en þá stóð yfir yndislestrarátakið Orð af orði (Orðaforði), 10 vikur x u.þ.b. 50 nem. = 500.

Talning heimsókna fer fram daglega. Skráðir lánþegar í Bókasafni Grundarfjarðar árið 2008:

Virk skírteini fullorðinna voru 162 og fengu þeir lánuð 3148 gögn í 1124 heimsóknum. 21 barn komu 670 sinnum á bókasafnið eftir kl. 15:00.

Í grunnskólanum voru 145 nemendur og 20 kennarar/starfsfólk.

Gestir: 3.567 heimsóknir á ári, 17 (14,4), (21)** að meðaltali á dag (212 dagar) og er það 1,8 % af 918 íbúum sveitarfélagsins á dag. **Tölur innan sviga vísa til áranna á undan.

Vefsíða Bókasafnsins

Heimsóknir á vefsíðu bókasafnsins eru 1.446 (948) en síðuflettingar 6.408 (5.931).

Um 20 síður eru uppfærðar reglulega. Meðal efnis eru skrár yfir efni tengt sveitarfélaginu, frönsku sjómönnum, norræna goðafræði og Eyrbyggjasögu, rafrænt efni, safnfræðsla, kynningar bókasafnsins, upplýsingar á ensku o.fl.

Samanburður útlána 2002-2008

	Útlán til fullorðinna	Útlán til barna og nemenda	Útlán til kennara	Útlán alls
2002	4.282	4.654	446	9.382
2003	3.670	7.290	1.065	12.025
2004	4.112	4.902	1.522	10.536
2005	4.119	5.405	715	10.239
2006	3.492	5.314	1.237	10.043
2007	3.257	4.402	648	8.307
2008	3.148	6.129	400	9.677

Útlán 2008: 9.677 eintök, nokkur fækkun frá fyrra ári.

Útlán á íbúa: 10,5 eintök (8,7)

Þessar tölur samsvara því að tæplega helmingur af safnkosti almenningsbókasafnsins hafi verið lánaður einu sinni, hvert eintak.

Ef námsbækur eru undanskildar (2.153 stk.) má ætla að hver íbúi hafi fengið lánaðar um 8,1 (6,5) bækur (2004: 10 stk.). Útlán í stærri bókasöfnum landsins er á bilinu 8-12 eintök á íbúa.

Grunnskólinn

Hver nemendi í 1. – 6. bekk grunnskólans kom á tveggja vikna fresti í heimsókn á skólatíma (litlir bekkir vikulega) á vorönn. Heimsóknum fækkaði nokkuð hjá 2. og 4. - 6. bekk en fjölgaði mikið hjá 8. - 10. bekk. Nemendur fengu 6.129 eintök lánuð (í bekkjarheimsóknum og eftir kl. 15:00) og er það mikil fjölgun. Kennarar og starfsfólk fengu 400 eintök. Í þessum tölum teljast námsbækur (rúmlega 2000 stk.) með. Umsjón var í höndum Salbjargar Nóadóttur og kynnti hún þeim bókmenntir og leiðbeindi um hegðun á bókasafni. Hluti þessara tíma fer í að velja bækur til að fara með heim og til skólastofu og gæta þess að þær séu notaðar og verði ekki innlyksa á heimilum. Safnfræðsla var lítil. Samkvæmt skýrslum frá Landskerfum voru lánuð (nemendum og kennurum) um 6240 (4500) eintök fyrir hádegi árið 2008. Fjölgunin skýrist helst með yndislestrarátaki sem fór af stað í grunnskólanum.

Dagleg notkun

Meðaltal heimsókna eftir kl. 15, hvern dag sem var opið, var sem hér segir:

Yfir vetrartímann; 5 fullorðnir og 3 börn (var 7 og 5 árið 2004).

Á sumrin einn fimmtudag í viku; 9,8 fullorðnir og 5,5 börn (var 12 og 4 árið 2004).

Útlán á hvern fullorðinn voru 2,5 eintök í hverri heimsókn. Voru 3,6 árið 2004.

Aðsókn almennra notenda og gesta stendur í stað. Heimsóknir foreldra og barna á bókasafnið hafa verið í algjöru lágmarki undanfarin ár. Það er von okkar að skýringin sé meiri bókaeign á heimilum. Með nýrri barnadeild má þó sjá fjölgun heimsókna ungra fastagesta með foreldrum og almenn ánægja barna með aðstöðuna gleður. Athuga ber að heimsóknir barna á skólaaldri eru nær eingöngu á skólatíma hér og er þörf þeirra fyrir lesefni að mestu fullnægt með því. Sjá þó 670 (570) heimsóknir eftir kl. 15. Það skekkir samanburð við önnur almenningubókasöfn að ekki hefur verið hægt að sjá hvernig útlán barna skiptast milli safnkosts á bókasafni og safndeilda í skóla. Samanlagðar tölur fyrir nemendur og starfsfólk grunnskólans og almenning eru á svipuðu róli og hjá almenningubókasöfnum landsins sem **ekki** þjóna grunnskólum. Það þýðir að fjöldi útlána og heimsókna á Bókasafn Grundarfjarðar er í lægri kantinum miðað við meðaltal. Kannanir sýna að málvitund og orðaforði barna sem lesið er fyrir fyrsta áratuginn eykst. Sjá bæklinginn *Leggjum börnum lið ... við læsi:*

http://webedpro.webed.is/heimilhogskoli.is/media/files/1198892159/136_lestrarbaeklingur.pdf.

Aðstaða og þjónusta

Farið er að þrengja að safnkosti og vantar rými fyrir unglíngadeild. Unnið er eftir þeirri stefnu að eiga bækur aðeins í einu eintaki nema þær tengist íbúum og námi þeirra. Eldri tímarit, gamalt og lítið notað efni er fjarlægð úr hillum eða komið fyrir í gölfhillum.

Þjónusta við framhaldsskóla- og háskólanema er svipuð og síðasta ár og millisafnalánum fjölgar. Tilsögn í leit í upplýsingakerfum er lítið notuð.

Hægt er að bjóða upp á þjónustu við nýja íbúa með annað móðurmál en íslensku.

Fengnar voru pólskar barna- og unglíngabækur í millisafnaláni frá Bókasafni Reykjanesbæjar í nóvember. Notkun er óveruleg.

Tekin var í notkun græn tunna fyrir stofnanir í Smiðjunni.

Viðburðir og verkefni

- **Barnadeildin** fékk upplýftingu í sumar. Veggir og húsgögn fengu andlitslyftingu og hillur færðar til. Er Barnahornið nú eftirsótt af bæði unglíngum og fullorðnum.
- Nýr **sögustóll** hefur tekið við hlutverki sögustunda, Hver unglíngur eða fullorðinn sem sest í sögustólinn þarf að segja eða lesa sögu ef börn eru viðstödd.
- **Bangsadagurinn** 27. október var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn. Upplestur og getraun og nýi bangsinn Björn L. féllu í skugga dagskrár Rökkurdaga þann 24. okt. og héldu áfram á mánudeginum. Þrír bókarvinningar voru veittir þeim sem næst komust að giska á fjölda hlaupbangsa í krukku. Vakti dagurinn lukku meðal yngstu barnanna og var tekin mynd af hópnum sem sjá má á vefsíðu bókasafnsins.
- **Norræna bókasafnavikan** (<http://www.bibliotek.org/>) sem er í nóvember ár hvert hefst með upplestri við kertaljós. Grunnskólabörn voru mjög upptekin þessa viku og komu viku seinna og hlustuðu á upplestur úr bókum Olgu Guðrúnar Árnadóttur og *Öxi*, óbyggðasögu úr skógum Alaska. Yngri börn fengu sögurnar *Ástarsaga úr fjöllunum*, *Tryggðatröll* og *B10*. **Dagur íslenskrar tungu** er í vikunni, 16. nóv.
- **Rökkurdagar**. Að þessu sinni var skelfing og draugagangur í rökkrinu og var boðið upp á upplestur í bókasafninu með pönnukökum og kaffi á eftir. Keyptar voru inn nokkrar draugasögur á prenti, hljóð og mynd. Börnin sem komu á Bangsadaginn hlustuðu á sögu um skötumóður í Breiðafirðinum en fengu svo að fara fyrir í pönnukökurnar með bangsana sína meðan fullorðna fólkið hlustaði á sögu um svaðilfarir.
- Almenningubókasafnið tekur á móti **elstu börnum** Leikskólans Sólvöllum (<http://leikskoli.grundarfjordur.is/>) vikulega í sex skipti.
- Bókasafnið veitir nemendum **Fjölbrautaskóla Snæfellinga** (<http://fsn.is/>) og öðrum nemendum úr byggðarlaginu aðstoð og fyrirgreiðslu eftir föngum.

Heimsóknum nemenda FSN og háskólanema fjölgar enn. Opið er aukalega tvisvar í viku vegna FSN.

- **Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla** hefur aðstoðu fyrir nokkra glerskápa til að sýna gamla muni.
- **Bókaverðlaun barnanna.** Börn 6-12 ára geta kosið um bók ársins fyrir 1. apríl en Borgarbókasafnið sér um Bókaverðlaun barnanna. Börn í Grundarfirði hafa getað tekið þátt síðustu fjögur ár. Myndir af bókum ársins eru á veggspjaldi sem hangir uppi í grunnskóla og bókasafni. Bókaverðlaun í 1.-3. bekk fékk Ragnar Þór Jepsen og úr 4.-6. bekk Guðrún Ösp Ólafsdóttir og voru þau afhent á skólaslitum grunnskólans 30. maí 2008.
- **Vika bókarinnar** er í kringum alþjóðlegan **Dag bókarinnar** sem ber upp á 23. apríl, fæðingardag Halldórs Laxness.
- **Vefsíða bókasafnsins** geymir ýmsar upplýsingar. Nokkrum sinnum á ári er fjölbreytt eða mikilvæg vefsíða kynnt, efnisskrár bættar og safnfræðsla hefur verið sett upp til sjálfshjálpar. Myndir af bókum um afmörkuð efni í hillum safnsins eru á vefnum. Heimsóknir á síðuna eru töluvert margar.

	2005	2006	2007	2008
BGr. samkvæmt Landskerfi	1551	1089	652	296
GGr. Samkvæmt Landskerfi	204	368	74	109

Bókasafn Grundarfjarðar
Borgarbraut 16, gengið inn að ofanverðu.
Sími 430 8570.
Netfang: bokasafn (hjá) grundarfjordur.is
Veffang: <http://www.grundarfjordur.is>

Opnunartímar frá 17. ágúst til 31. maí:
Safnið er opið kl. 15:00-18:00
Mánudaga – fimmtudaga.

Ath. breyttan tíma 2009.

Sumartími er kl. 13-18 á fimmtudögum.

Unnið í janúar 2009 af Sunnu Njálisdóttur

Sundurliðun heimsókna lánþega 2006-2008:

Tegund þjónustu	2006	2007	2008
Frh-nemendur úr Grf. - aðstoð	36	74	73
Frh-nemendur af Snæf. - aðstoð	6	22	35
Háskólanemendur - aðstoð	10	35	40
Aðrir – aðstoð og fyrirspurnir		24	24
Lesið á safni utan opunar	3	2	1
Kennarar grunnskóla, aðstoð	4	7	3
Nemendur grunnskóla, aðstoð	5		20
Kynning á upplýsingaleit		3	
Börn að 16 ára aldri - heimsókn	585	408	670
Fullorðnir heimsóknir	1102	922	1124
Sækja heimildir fyrir fólk	12	31	3
Millisafnalán 20-30			
Unað við lestur, börn	56 (48)	65	111
Fullorðnir stoppa við	14 (31)	44	52
Leikskóli, 6 vikur í jan.-feb.	73	40	48
Fundir	4x5		7
Móttaka	1x35	2	
Sýningar (leikskólabarna)	1		

Unnið úr skýrslum Landskerfa.

89 lánþegar utan 350 Grf. fengu lánað 2673 eintök.

28 lánþegar frá 340, 355 og Vestfjörðum fengu lánað 94 eintök. Reikna með 1/3 af Frh nem..

8 lánþegar utan póstnúmera fengu 2142 eintök. Bekkjarkassar, kennarar

4925 útlán til 5-16 ára og 639 útlán til 17-28 ára. Frh og Hásk = 434 eintök.